

# Deilihagkerfi

Tækifæri eða ógnanir?

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagsviðs SA

Landssamband sjálfstæðiskvenna, 2.júní 2015


# Hvað er deiliahagkerfi?

---

- Deiliahagkerfi byggir í grunninn á því að einstaklingar deili hver með öðrum vöru, þjónustu og upplýsingum. Þeir geta ýmist gert það gegn gjaldi eða í skiptum fyrir annað það sem hinn hefur að bjóða.
- Einfalt viðskiptalíkan: Virkja almenning og gefa honum færi á að breyta þeim hlutum eða aðstöðu sem fólk hefur til ráðstöfunar og afla tekna<sup>1</sup>.
- Með tilkomu deiliahagkerfis geta einstaklingar aflað tekna á gæðum sem eru að öðrum kosti í lítilli notkun. Bætir það nýtingu framleiðslupáttá og eykur framleiðni.
- Viðbrögð í kjölfar efnahagshrunsins 2008: Frumkvæði og nýsköpun. Einstaklingar endurvekja ónýtta tekjustofna.
- Hraður vöxtur síðustu ár samfara bættri tækni. Snjalllausnir greiða götur deiliahagkerfis. (1995, Ebay, Craigslist)
- Hagkerfi sem er ört vaxandi og í stöðugri þróun!

<sup>1</sup> Deiliahagkerfi, Örn D. Jónsson og Rögnvaldur J. Sæmundsson


# Deiliahagkerfið: Mitt er þitt, gegn gjaldi



# Neyslukarfa heimila: Hverju er hægt að deila?


Húsnæði og ökutæki eru um 35% af heildarútgjöldum heimila. Þessu til viðbótar eru einstaklingar að deila öðrum neysluvörum eins og matvörum, húsgögnum, fatnaði og jafnvel internetinu.

**Neyslusamsetning heimila**  
- (%) hlutfallsleg skipting



# Neyslukarfa heimila: Hægt að deila allri neyslukörfunni

Húsnæði og ökutæki eru um 35% af heildarútgjöldum heimila. Þessu til viðbótar eru einstaklingar að deila öðrum neysluvörum eins og matvörum, húsgögnum, fatnaði og jafnvel internetinu.



# Markaðir deiliahagkerfis

---

- **Vöru og þjónustumarkaður:** Gæðum í einkaeigu er hægt að deila með öðrum, með eða án endurgjalds.
- **Endurdreifingarmarkaður:** Gæðum í einkaeigu er endurdreift til annars aðila. Endursala á notuðum vörum. (Ebay)
- **Lífsstílsmarkaður:** Kerfi þar sem einstaklingar með svipaðar þarfir eða áhuga deila eða skiptast á óefnislegum hlutum, eins og tíma, hæfni, peningum o.s.frv.

## Kostirnir eru þó nokkrir

---

- **Eykur framleiðni:** Deilihagkerfi byggir fyrst og fremst á hagkvæmari nýtingu framleiðslupátta. Gæði sem áður voru lítið eða illa nýtt fá nýjan tilgang og verðmætasköpun eykst.
- Aukin hagkvæmni dregur úr **sóun verðmæta** og verndar um leið **umhverfið**.
- Ýtir undir **nýsköpun** og eykur **fjölbreytni** í framboði vöru og þjónustu.
- Neytendur vinna verk bæði framleiðenda og dreifingaraðila (kallast framneysla)
- Með tilkomu **framneyslunnar minnkar kostnaður** í formi flutningskostnaðar, framleiðslukostnaðar, auglýsingarkostnaðar o.s.frv.
- **Viðskiptasagan er skráð.** Umsagnir skipta máli. Aðhald viðskiptavina er mikið og árangur mælist í orðspori.

# Uppgangur deiliahagkerfis snertir alla

---

## Einstaklingar:


- Framneytendur eru neytendur, framleiðendur og dreifingaraðilar
- Vöruframboð eykst

## Fyrirtæki:

- Aukin samkeppni
- Breytt samkeppni

## Hið opinbera:

- Skattar og gjöld
- Eftirlit og leyfisveitingar
- Skipulagsmál





# Mörg hver ört vaxandi fyrirtæki

---

Stofnað 2008. Metið á 10 ma.USD



Stofnað 2009. Metið á 19 ma.USD



Stofnað 2012. Metið á 3 ma.USD



Stofnað 2008. Metið á 135 m.USD



Stofnað 2006. Metið á 5,5 ma.USD



Stofnað 2009. Metið á 400 m.USD



Stofnað 2006. Metið á 12 m.USD



Stofnað 1995. Metið á 76 ma.USD



Stofnað 2008. Metið á 8,4 ma.USD



# Dæmi um deilihagkerfi á Íslandi

## Fólk skiptist á matarafgöngum


20.01.2014 - 19:35 [Flokkar](#) [Deila](#) [Bein slóð](#)



Ung kona í Reykjavík fékk nóg af því að henda mat og stofnaði hóp á Facebook um skipti á matarafgöngum. Þjartf söguðu vinir hennar en engu að síður hefur reynslan verið góð.

[Hlustu](#)

Hafdis Bjarnadóttir er á leiðinni út á Granda með afgang af mat sem hún eldaði nýverið og hefur geymt í frysti. Samanlagt lenda meira en 200 milljónir tonna af mat í ruslinu hjá efnameiri þjóðum heims - en ekki maturinn hennar Hafdisar.



### HVAD ER ÜBER ÖLLES?

Margt komast við að komast ekki í Vinbúðir vegna annars vefs. Afgöngurinn er ekki í öllum bæjum á landinu og því þarf oft að fara lengur heldur fyrir komandi tíu lítra af lípi. Margt komast ekki í RÚB vegna þess að því hafa ekki látt til umboða á spensalinnu Á VYR. Aðrir fóru vegar síga ekki láta - einhvergi nóð. Vinbúðir á kringlagi eða sínu. Über Öles er ein og Über þjónustan en fyrir heimsendingu á áfengi. Über Öles er persónleg þjónusta sem þarar saman einstaklings sem komast ekki í Vinbúðina við þá sem selja þess kost. Þjónustan eykur þjónustuna við neytandann og er afhjúppingdagi.



## Carpooling in Iceland



It is more **fun, cheaper and better** for the environment to share ride with others when you travel around Iceland.

In Iceland there are more cars than people so there must be someone else going to the same destination as you - every single day.

Please tell your friends and family about this website. The more people using this website is better for everyone.



[Home](#) - [Submit ride](#) - [About](#)

[Share](#) | [Facebook](#) | [Twitter](#) | [LinkedIn](#)

From: [Select] To: [Select] Search

### Going somewhere?

It does not matter if you are going from Reykjavik to Akureyri or anywhere else - Samferða will help you get in touch with somebody else that are going the same way. [Submit your request](#) and hope for the best.

Requesting	From	To	Day	Time
<a href="#">More information</a>	Passengers	Reykjavik	Ísafjörður	01.06.2015 Ca 13:00



# Fjölgun erlendra ferðamanna = vaxandi deilihagkerfi á Íslandi



## Carpooling in Iceland

**HEITAR LAUGAR**

It is more **fun, cheaper** and **better** for the environment to share ride with others when you travel around Iceland.

In Iceland there are more cars than people so there must be someone else going to the same destination as you - every single day.

Please tell your friends and family about this website. The more people using this website is better for everyone.

[Home - Submit ride - About](#) [Share](#) | [f](#) [t](#) [v](#)

**From:** [Select...] **To:** [Select...]

**Going somewhere?**

It does not matter if you are going from Reykjavik to Akureyri or anywhere else - Samferda will help you get in touch with somebody else that are going the same way. [Submit your request](#) and hope for the best.

	Requesting	From	To	Day	Time
<a href="#">More information</a>	Passengers	Reykjavik	Ísafjörður	01.06.2015	Ca 13:00

HomeAway  
let's stay together®




Bungalo  
Sumarbústaðaleiga



# Hótel og gistiheimili: Mjög góð nýting yfir háannatíma...

Nýting herbergja á hótélum og gistiheimilum hefur vaxið hratt síðustu ár. Talsvert minna svigrúm hefur því verið til að mæta fjölgun ferðamanna yfir háannatíma – en meira svigrúm til þess utan háannar.


Nýting herbergja á hótélum og gistiheimilum á landinu öllu (%)



## ...og 80-90% nýting á höfuðborgarsvæðinu næstum því allt árið um kring

Nýting herbergja á höfuðborgarsvæðinu er mun jafnari en á landsbyggðinni og árstíðarsveiflan því minni. Gífurleg fjölgun ferðamanna hefur valdið því að nánast er uppselt árið um kring á hótelum á höfuðborgarsvæðinu.


Höfuðborgarsvæðið: Nýting herbergja á hótelum og gistiheimilum á árinu 2014




# Ekki að undra miðað við ásóknina að framboð íbúðagistingar hefur vaxið

Samkvæmt tölum Hagstofunnar var íbúðagisting um 5% af heildargistirými árið 2014 og hefur framboð íbúðagistingar nærri þrefaldast frá árinu 2009. Kostur íbúðagistingar er að hún getur brugðist hraðar við aukinni eftirspurn en hótél og auk þess sem að hún takmarkar áhættufé bundið í hótélrekstri.

Framboð gistirýmis á árinu 2014  
- m.v. herbergjafjölda



Framboð á heimagistingu og fjölgun ferðamanna á árinu 2014



# Tölur Hagstofunnar vanmeta raunverulegt framboð íbúðagistingar

Skv. frétt Morgunblaðsins voru um 1.300 íbúðir í boði hjá Airbnb á landinu öllu....



Heimildir: Airbnb, frétt í Morgunblaðinu 28.febrúar 2015

## Framboð ríflega tvöfaldast



Á annað þúsund íbúðir í miðborginni eru leigðar út af einstaklingum til erlendra ferðamanna í gegnum vefsíður. mbl.is/Sigurður Bogi Sævarsson

Framboð gistirýma í Reykjavík og nágrenni á gistivefnum airbnb var 137% meira í janúar en í sama mánuði í fyrra og voru alls 1.300 rými í boði. Aukningin á landinu öllu var 133% og voru gistirými alls 1.500.


Samkvæmt upplýsingum frá airbnb.com má ætla að um 30% gistirýma séu herbergi, 70% íbúðir eða hús. Even Heggenes, framkvæmdastjóri airbnb.com á Norðurlöndum, segir hlutfall notenda síðunnar af íbúafjölda á Íslandi mjög hátt eða um 5%. Skv. því eru notendur hér um 17.000.

...miðað við að það séu að meðaltali 2 herbergi í hverri íbúð þá eru 2.600 herbergi í boði hjá Airbnb

...þá á eftir að telja íbúðir sem í boði eru á öðrum vefsíðum

# Íbúðagisting hefur vaxið ört og er framboðið orðið umtalsvert

Framboð íbúðagistingar er hugsanlega álíka mikið og framboð hótél og gistiheimila á höfuðborgarsvæðinu





# Gagnrýni á deilihagkerfi: Eftirlit, skipulagsmál og regluverk

---

1. **Eftirlit:** Ná samkeppnisforskoti á röngum grunni, greiða ekki sömu skatta og gjöld til samfélagsins (m.ö.o. ólögleg atvinnustarfsemi, svört starfsemi)
2. **Skipulagsmál:** Íbúðahverfi þar sem íbúar víkja fyrir hótélum og gistiheimilum.
3. **Regluverk:** Starfa án leyfis (leyfi, öryggismál osfrv.)

# 1. Eftirlit: Hvernig tryggjum við að allir greiði skatta og gjöld?

---

## Útleiga á húsum, íbúðum og herbergjum

4.2.2014

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu heimsótti 35 íbúðir í desember í samstarfi við ríkisskattstjóra.

Þetta voru íbúðir þar sem gisting hafði verið auglýst í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum á borð við Facebook og airbnb.com. Frá þessu var greint á [lögregluvefnum](#) í gær.

Um var að ræða leiðbeinandi eftirlit með gistileyfum og skattskilum vegna tekna af sölu á gistingu. Unnið verður úr þeim gögnum sem þarna sófnuðust. Lögreglan og ríkisskattstjóri munu halda eftirliti þessu áfram.

Þeir sem hyggjast leigja hús, íbúðir eða herbergi til ferðamanna eru hvattir til að sækja um tilskilin leyfi áður en starfsemin hefst, vera með löglega tekjuskráningu og greiða af þeim tekjum lögbundna skatta og gjöld. Sækja þarf um rekstrarleyfi til lögreglu/sýslumanns áður en rekstur hefst og starfsleyfi til heilbrigðiseftirlits.

Á rsk.is er að finna upplýsingar um [virðisaukaskattsskil](#) vegna ferðapjónustu og á systlumenn.is upplýsingar um [leyfi til sölugistingar](#), veitinga og áfengis.

## 2. Skipulagsmál: Íbúar víkja fyrir hótélum og gistiheimilum?

Gífurleg fjölgun ferðamanna hefur valdið miklum breytingum á landinu öllu. Þrátt fyrir að ferðmenn sæki mikið á landsbyggðina er breytingin mest tilfinnanleg miðsvæðis í Reykjavík.



### Kvosin

Breyting á deiliskipulagi

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Kvosin

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar vegna gistiþjónustu á deiliskipulagssvæðinu. Í breytingunni felst m.a. að heimilt verði að vera með þá starfsemi sem samræmist landnotkun gildandi aðalskipulags á hverjum tíma með þeim takmörkunum þó að hlutfall gistiþjónustu, sbr. lög um veitinga-gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, verði ekki yfir 23% af samtölu birtrar stærðar eigna á skilgreindu svæði sem nær yfir deiliskipulag svæðis Grjótaþorps sbr. samhljóða breytingu á því deiliskipulagi. Við skilgreindar götuhliðar í M1a skal öll starfsemi á jarðhæðum vera opin og aðgengileg almenningi allan daginn og ekki er heimilt að hylja glugga. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### 3. Regluverkið: Flækjustigið er of mikið

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum vill að gefnu tilefni vekja athygli á því að íbúðaeigendur sem hyggjast leigja íbúðir sínar út í skamman tíma til ferðamanna og annarra þurfa að sækja um rekstrarleyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Útgáfa rekstrarleyfa er m.a. háð því að starfsleyfi, sem gefin eru út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga, fáiast fyrir starfseminni og að lögbundnir umsagnaraðilar, þ.e. sveitarstjórnir, heilbrigðisnefndir, slökkvilið, byggingafulltrúi og vinnueftirlit, leggist ekki gegn útgáfu leyfis. Hér á Vestfjörðum eru það sýslumenn, hver í sínu umdæmi, sem gefa út þessi leyfi. Rekstrarleyfi eru veitt til fjögurra ára í senn og kosta 24.000 kr. Þegar um er að ræða heimagistingu eða skammtímaleigu á íbúðum.

Sé umsækjandi einstaklingur skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið:

- a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.
- b) Búsetuvottorð.
- c) Vottorð um búforræði.
- d) Staðfesting skattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.
- e) Sakavottorð.
- f) Vottorð frá lífeyrissjóði um skuldastöðu.
- g) Vottorð ríkissjóðs um skuldastöðu.
- h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum.
- i) Ef um er að ræða útteitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð útsvæðis og fjöldi borða.
- j) Ljósrit af tilkynningu fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri.

### 3. Regluverkið: Nýtt frumvarp minnkar flækjustig, en nægjanlega mikið?

---

Þingskjal 1178 — 704. mál.

#### Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum (heimagisting og flokkar veitingastaða).

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Útvíkkun heimagistingar felst enn fremur í því að aðilum verður nú heimilt að leigja út lögheimili sitt auk einnar annarrar fasteignar í eigu viðkomandi. Er þar komið til móts við einstaklinga sem vilja geta leigt út sumarhúsið sitt eða frístundaíbúð. Á móti kemur að þeim aðilum sem eru skráningarskyldir verður aðeins heimilt að leigja út viðkomandi eignir í átta vikur samtals á ári hverju. Þannig er heildartíminn samtals átta vikur á ári hverju fyrir báðar eignir eða alls átta vikur ef aðeins er leigð út ein eign.

### 3. Regluverkið: Nýtt frumvarp minnkar flækjustig, en nægjanlega mikið?

---

Þingskjal 1178 — 704. mál.

#### Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum (heimagisting og flokkar veitingastaða).

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)


Útvíkkun heimagistingar felst enn fremur í því að aðilum verður nú heimilt að leigja út lögheimili sitt auk einnar annarrar fasteignar í eigu viðkomandi. Er þar komið til móts við einstaklinga sem vilja geta leigt út sumarhúsið sitt eða frístundaíbúð. Á móti kemur að þeim aðilum sem eru skráningarskyldir verður aðeins heimilt að leigja út viðkomandi eignir í átta vikur samtals á ári hverju. Þannig er heildartíminn samtals átta vikur á ári hverju fyrir báðar eignir eða alls átta vikur ef aðeins er leigð út ein eign.

**Af hverju átta vikur? Hvað gerist svo?** „Frumvarpið mælir fyrir um að ef starfsemin sé svo umfangsmikil að hún vari lengur en átta vikur á ári eða taki til fleiri eigna en tveggja þá falli starfsemin undir aðra þá flokka sem lögin mæla fyrir um.“ **Atvinnustarfsemi?**


# Regluumhverfið: Hversu opin erum við?

Ísland er neðarlega á listum um samkeppnishæfni þegar metið er laga- og regluumhverfi fyrirtækja.

Samkeppnishæfni 2015: Regluumhverfi  
- 1. til 61.sæti



Samkeppnishæfni 2015: Lagaumhverfi fyrirtækja  
- 1. til 61.sæti



## Að lokum

---

- **Deiliahagkerfi er komið til að vera.** Stærstu fyrirtæki deiliahagkerfis eru metin á tugi milljarða bandaríkjadala sem endurspeglar væntingar fjárfesta til áframhaldandi vaxtar.
- **Margir kostir deiliahagkerfis.** Fyrst og fremst ýtir það undir aukna framleiðni, fjölbreytni, og nýsköpun auk þess sem að það lækkar kostnað og dregur úr sóun.
- **Margir misnota hins vegar kosti deiliahagkerfis.** Fara ekki eftir reglum og lögum, greiða hvorki skatta né gjöld, stunda atvinnustarfsemi undir nafni heimagistingar. Nýta sér þjónustu samkeppnisaðila.
- **Regluhverfið** þarf að þróast með þeim breytingum sem orðið hafa. Varast skal of mikið eftirlit og íþyngjandi regluverk því slík þróun getur haft neikvæðar afleiðingar fyrir alla. Gæðaeftirlitið er að einhverju leyti lifandi í gegnum kommentakerfin. Umsagnir skipta öllu máli í deiliahagkerfi.
- **Gæta þarf að hagsmunum heildarinnar:** Fyrst og fremst þurfum við að tryggja að skattar og gjöld skili sér til samfélagsins. Finna þarf þá leið til þess sem er farsælust!



„It is time to start caring for sharing“

---

Vidjó: It is time to start caring for sharing

---

Ásdís Kristjánsdóttir  
Forstöðumaður efnahagssviðs

[asdis@sa.is](mailto:asdis@sa.is)

sími: 591-0080

<https://twitter.com/efnahagssvidSA/>